



MINNISBLAÐ

TIL: MENNINGAR- OG FERÐAMÁLANEFND
FRÁ: BJÖRN PÉTURSSON, BÆJARMINJAVÖRÐUR
MÁLEFNI: BJÖRGVIN HALLDÓRSSON, ÆVI OG STÖRF, SÝNING
DAGUR: 24. 08. 2026
CC:

Á fundi Menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar þann 21. apríl 2026 var tekið fyrir málið „Björgvin Halldórsson, ævi og störf, sýning“ (2604146). Á fundinum var bæjarminjaverð falið að taka saman minnisblað um málið og koma með tillögur að útfærslu, kostnaði og tímalínu verkefnisins.

Í allmörg ár hefur sú hugmynd verið rædd á Bygðasafni Hafnarfjarðar að setja upp sýningu um tónlistarferil Björgvins Halldórssonar. Það var Björn G. Björnsson, leikmyndahönnuður og vinur Björgvins, sem fyrstur kom að máli við safnið með þessa hugmynd. Var það sameiginleg skoðun starfsfólks safnsins, Björns og Björgvins að skemmtilegasta staðsetningin fyrir þá sýningu væri Góðtemplarahúsið við Suðurgötu. Góðtemplarahúsið er elsta samkomuhús landsins, byggt árið 1886 og má segja að þar sé að finna vögg menningar- og félagsstarfs hafnfirðinga. Til stendur að gera það hús að sýninga- og viðburðahúsi Bygðasafnsins og ekki væri úr vegi að fyrsta sýning safnsins sem sett verði þar upp, nú eftir nokkurt hlé, verði til heiðurs Björgvini Halldórssyni.

Hugmyndin gengur út á að setja sýninguna upp á árinu 2027. Grunn hönnunarvinna og handritsgerð mun hefjast á haustmánuðum '26 og gert ráð fyrir að sýningin verði tilbúin í sumarbyrjun 2027. Um verður að ræða vandaða sýningu með munum, ljósmyndum, lifandi myndum, sagnfræðilegum textum og gagnvirkni ýmiskonar sem varpa mun ljósi á merkan feril Björgvins. Auk þess yrði sviðið í salnum notað undir leikmynd og einnig búningagryfjan undir því. Áætlaður kostnaður við verkefni þetta er um 14. milljónir króna enda er stefnt á mjög metnaðarfulla og framsækna sýningu þar sem nútíma tækni verður nýtt til fullnustu við miðlun sögunnar.



Þann 19. Júní síðastliðinn fundaði bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, formaður Menningar- og ferðamálanefndar, bæjarminjavörður og sviðstjóri Þjónustu og þróunarsviðs með sonum Björgvins þar sem hugmyndir um sýninguna voru ræddar. Þá var meðal annars farið í vettvangsferð í Góðtemplarahúsið og samþykkt var að stefnt skuli að því að umrædd sýning verði opnuð þar á Heimahátíðinni, síðasta vetrardag 21. apríl 2027.